



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA
PRÓFUNARSTOFA
24. ágúst 2022

Skýrsla stjórnar, starfsárið 2021 – 2022

Starfsárið 2021 til 2022 hefur einkennst að hluta af alheimsfaraldrinum covid-19 og þar með veflausnum.

Á starfsárinu 2021 til 2022 var félagsmönnum boðið í heimsókn á Tæknisetur þar sem fjölmargir aðilar kynntu starfsemi setursins og sýndu félagsmönnum aðstöðuna. Kynningin var mjög fræðandi og vel sótt af félagsmönnum.

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað í kjölfar covids að þá hefur SÍP félagsmönnum verið boðið að taka þátt í námskeiðum sér að kostnaðarlausu á vegum Eurachem.

Fyrsta námskeiðið sem auglýst var fjallaði um mælióvissu og var haldið dagana 19 – 22. janúar s.l. Nokkrir SÍP félagar tóku þátt.

Aðilar að SÍP eru nú 14: Rio Tinto á Íslandi, BM Vallá, Frumherji hf, Haf og vatn, Hlaðbær Colas, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun - HMS, Isor, Mannvit hf., Malbikunarstöðin Höfði, Malbikstöðin, Matís ohf., Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði - RLE, Steypustöðin ehf og Tæknisetur.

Félagið er aðili að bæði Eurolab og Eurachem. Ársfundur Eurachems var haldinn á vefnum í maí. Ársfundur Eurolabs var haldinn í Róm á Ítalíu í maí og fulltrúi úr stjórn SÍP sótti hann. Á ársfundi Eurolab var meðal annars lagt mat á og gerðar tillögur um varðveislu upplýsingaöryggis gagna á

rannsóknarstofum. Einnig var vikið að sjálfbærni í umhverfismálum á rannsóknarstofum. Auk þessa var umfjöllun um ISO 17025 staðalinn í vinnuhópi sem fulltrúi hópsins var aðili að.

Inn á heimasíðu Eurachems eru fjölmargar gagnlegar leiðbeiningar sem eru rýndar af fagaðilum reglulega. Innan Eurolabs og Eurachems fer fram ómetanlegt starf okkar helstu sérfræðinga í Evrópu við að rýna staðla og báðir aðilar bjóða reglulega upp á námskeið og vinnustofur fyrir félagsmenn. Félagsmenn geta ef þeir hafa áhuga og stuðning frá sínum vinnuveitanda tekið þátt í vinnuhópi.

Vefsíða félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla upplýsingum til félagsmanna. Á slóð félagsins eru krækjur í Eurachem og Eurolab og á heimasíðu þeirra koma fram áhugaverð námskeið og margvíslegar leiðbeiningar. Slóð á síðu félagsins er: <http://icelab.123.is/>

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins.

Stjórn og stjórnarfundir

Samskipti stjórnarmanna fóru að mestu fram á vefmiðlum en stjórn hittist einnig tvisvar á formlegum stjórnarfundum. Áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar. Stjórnin hefur unnið að því að fá fleiri fyrirtæki sem reka prófunarstofur inn í SÍP. Félagsmenn hafa verið hvattir til að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og stuðla þannig að framgangi félagsins.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt: Elísabet Sólbergdóttir, Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði – formaður og tengill við Eurachem, Guðrún Eva Jóhannsdóttir, Mannvit hf – ritari og umsjónarmaður vefsíðu, Guðgeir Svavarsson Frumherji hf. – gjaldkeri, og Elín Ásgeirsdóttir, Malbikunarstöðin Höfði – tengill við Eurolab og Halla Halldórsdóttir, Mátis ohf,

Reykjavík 24. ág. 2022

f.h. stjórnar

Elísabet Sólbergdóttir